



Lúxemborg, 11. nóvember 2025

FRÉTTATILKYNNING 11/2025

Dómur í máli E-2/25 *Sarpsborg Avfallsenergi AS og aðrir gegn norska ríkinu*

STÖÐVAR SEM BRENNNA HÆTTULEGAN- EÐA HEIMILISÚRGANG ERU UNDANÞEGNAR VIÐSKIPTAKERFI MEÐ LOSUN

Með dómi sem kveðinn var upp í dag, veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá áfrýjunardómstóli Borgarþings (*Borgarting lagmannsrett*) varðandi túlkun á tilskipuninni um viðskiptakerfi losunarheimilda¹ (“ETS-tilskipunin”). Fredrikstad Vann Avløp og Renovasjonsforetak (“FREVAR”) og Saren Energy Sarpsborg AS (“SAREN”) reka hvort um sig brennslustöð, sem staðsettar eru í sveitarfélögunum Fredrikstad og Sarpsborg í Noregi. Beiðnin um ráðgefandi álit var lögð fram í máli milli FREVAR, SAREN og norska ríkisins varðandi gildi tveggja ákvarðana norsku Umhverfisstofnunarinnar um veitingu leyfa fyrir losun sem eru háðar skyldu til að skila inn losunarheimildum í samræmi við ETS-tilskipunina.

Áfrýjunardómstóllinn spurði hvort túlka ætti fyrstu starfsemina sem talin er upp í I. viðauka við ETS-tilskipunina þannig að allar stöðvar sem sinna brennslu hættulegs- eða heimilisúrgangs séu undanskildar gildissviði tilskipunarinnar, þar á meðal þær sem ekki hafa brennslu úrgangs sem sína einu starfsemi, að því tilskildu að þær séu aðeins notaðar til brennslu annars úrgangs að takmörkuðu leyti. Lykilatriði í þeirri spurningu felst í því hvort rökstuðningur í dómi Evrópudómstólsins frá 6. júní 2024 í *Naturvårdsverket*, C-166/23, EU:C:2024:465, varðandi túlkun á 5. lið I. viðauka við ETS-tilskipunina, eigi með svipuðum hætti við um fyrstu starfsemina sem talin er upp.

EFTA-dómstóllinn svaraði þessari spurningu játandi. EFTA-dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að fyrstu starfsemina sem talin er upp í I. viðauka við ETS-tilskipunina verði að túlka þannig að allar stöðvar sem brenna hættulegan- eða heimilisúrgang séu undanskildar gildissviði þeirrar tilskipunar, þar á meðal þær sem hafa ekki brennslu þess úrgangs sem sína einu starfsemi, að því tilskildu að þær séu aðeins notaðar í takmörkuðum mæli til brennslu annars úrgangs.

EFTA-dómstóllinn lagði áherslu á að fyrsta starfsemin og 5. liður I. viðauka væru orðuð á svipaðan hátt og að undantekningin svaraði til aukamarkmiðs tilskipunarinnar, þ.e. að stuðla að brennslu úrgangs frekar en að hann sé urðaður.

Ráðgefandi álitð er skref í málsmeðferðinni sem er fyrir landsdómstólnum. Áfrýjunardómstóll Borgarþings mun nú hefja málsmeðferð sína á ný og dæma í málinu í ljósi dóms EFTA-dómstólsins.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: eftacourt.int/cases/e-02-25/.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.

¹ Tilskipun Evróppingsins og Ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB.